

Þróunarsamvinna

Sign Speak as Loud as Words 2007-2010

Samskiptamiðstöð átti samstarf við Þróunarsamvinnustofnun Íslands um uppbyggingu á menntun og þjónustu fyrir döff fólk í Namibíu. Verkefnið „Sign Speak as Loud as Words“ hafði valdeflingu döff fólks í Namibíu að markmiði en döff fólk var talið vera mest jaðarsetti hópur landsins. Hlutverk Samskiptamiðstöðvar í verkefninu var þjálfun kennara heyrnarlausra barna og táknmálstúlka, að veita stuðning við námsefnisgerð og við stofnun miðstöðvar samskipta og döff fræða. Þá tóku starfsmenn frá Samskiptamiðstöð þátt í ráðstefnum ÞSSÍ sem haldnar voru á tímabilinu og vinnu við þróun döff leikhúss.

SignWiki 2011-

Signwiki verkefnið varð til eftir að samstarfi Samskiptamiðstöðvar við Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Namibíu lauk. Kveikjan að því var hvernig mætti halda áfram að styðja uppbyggingu á þjónustu við döff í þróunarlöndum. Signwiki hefur vakið athygli víða um heim og nú þegar hefur kerfið verið tekið í notkun í Namibíu og Tanzaníu, með aðstoð og þjálfun frá starfsfólki Samskiptamiðstöðvar en einnig í Noregi, Færeyjum og Finnland. Þróunarverkefni á Íslandi hefur þannig skapað grunn að nýjum lausnum sem nýta má alls staðar í heiminum til að veita fólki aðgang að táknmáli viðkomandi lands. Sjá: <http://signwiki.is/> og <http://signwiki.org/>

Nordplus 2012-2014

Signwiki verkefnið fékk Nordplus styrk í gegnum samstarf við Háskóla Íslands. Markmiðið með þeirri vinnu var að innleiða Signwiki í Noregi og Færeyjum og að halda áfram að þróa íslenska vefinn með málfræðigreinum um íslenskt táknmál.

Samstarfsverkefni styrkt af Evrópusambandinu

Völundur 1996-2000

Völundur- námsgagnagerð var þriggja ára verkefni, styrkt af Sókratesáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið snerist um námsefnisgerð í dönsku (3 námsár) fyrir heyrnarlausum nemendum og rannsóknir á fyrirkomulagi tungumálakennslu. Unnir voru textar fyrir dönskukennslu, sem þýddir voru á íslenskt táknmál og gerðir aðgengilegir í forritinu Smiður-spilari. Forritið var þróað í samstarfi við Trausta Kristjánsson verkfræðing á árunum 1996-2000. Einnig voru gerðar kennsluleiðbeiningar. Samskiptamiðstöð stýrði verkefninu en samstarfsaðili við námsefnisgerðina var Center for tegnsprog og tegnstøttet kommunikation (KC) í Danmörku.

Bitema 2001-2004

Bitema var þriggja ára Evrópuverkefni stutt af Grundtvig áætlun Evrópusambandsins þar sem unnið var með námsefnisgerð og kennsluáðferðir fyrir fullorðið táknmálstalandi fólk. Samstarfslönd voru Danmörk, Slóvenía, Frakkland og Ísland.

SignOn 2004-2007

SignOn var verkefni styrkt af Sókrates áætlun Evrópusambandsins þar sem unnið var að námsefni í ensku fyrir döff fólk til sjálfsnáms á netinu. Sjö Evrópulönd, England, Spánn, Austurríki, Holland, Noregur, Finnland og Ísland, unnu saman að verkefninu. Markmið verkefnisins er að gera döff fólk kleift að nota ritaða ensku í samskiptum á netinu. Sjá: <http://www.acm5.com/signon3/Netscape/index.html>

SignOnOne 2008-2010

SignOnOne var tveggja ára verkefni styrkt af Grundtvig áætlun Evrópusambandsins þar sem unnið var námsefni í ensku fyrir döff fólk til sjálfsnáms á netinu. Sex Evrópulönd, Spánn, Austurríki, Tékkland, Noregur, Ungverjaland og Ísland unnu saman að verkefninu. Markmið verkefnisins er að gera námskeið fyrir byrjendur í ensku þar sem kennslumálið er táknmál. Döff notendur geta nýtt sér námskeiðið beint við sjálfsnám en einnig sem ítarefni við nám í sínum skóla. Sjá: <http://acm5.com/signonone/SignOnOne.html>

Bibikit 2011-2013

BiBikit var tveggja ára verkefni styrkt af Lifelong Learning áætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins var að þróa tækni, nokkurs konar raðbók á netinu, til að nota í skólum fyrir nemendur, kennara og aðra og gerir mögulegt að skrifa og lesa tvítyngda texta þar sem raddmál og táknmál eru tengd saman. Samstarfsaðilar voru Noregur, Holland, Þýskaland, Ítalía, Ísland og England. Sjá: <http://www.lrec-conf.org/proceedings/lrec2012/summaries/205.html> og <http://www.bibikit.eu/>

Signs2Cross 2013-2014

Signs2Cross verkefnið var tveggja ára verkefni styrkt af Lifelong Learning áætlun Evrópusambandsins. Þátttökubjóðir voru fimm, Þýskaland, Noregur, England, Ítalía og Ísland. Verkefnið miðar að því að gera döff fólk og málin þess sýnilegri. Verkefnið er framhald verkefnisins Signs2Go sem var netnámskeið í BSL (bresku táknmáli) þar sem kennslumálið var jafnframt táknmál. Í gegnum Signs2Cross getur döff fólk öðlast færni í alþjóðlegum samskiptum á táknmáli. Með því er stuðlað að sterkari vitund um tungumál, auknu sjálfstrausti og hreyfanleika döff fólks innan Evrópu. Heyrandi fólk, s.s. eins og táknmálstúlkar sem áhuga hafa á alþjóðlegum samskiptum, getur sömuleiðis notað S2C til þess að þjálfa alþjóðleg samskipti á táknmáli. Sjá: <http://www.acm5.com/signs2cross/>

ProSign 1 og ProSign 2 2012-

ProSign er samstarf Evrópulanda um evrópskan tungumálaramma (CEFR) fyrir táknmálskenndu til samræmis við evrópska tungumálarammann fyrir raddmál. Evrópski tungumálaramminn er sameiginlegur grunnur fyrir Evrópu, sem vinna má út frá námskrár fyrir tungumálakennslu, þar má finna leiðbeiningar um námsefnisgerð, námsmat, lesefni o.s.frv. Í tungumálarammanum er lýst hvað nemendur í tungumálum þurfa að læra til þess að geta nota málið til samskipta og hvaða þekkingu og færni þeir þurfa að hafa til að bera til þess að geta notað málið á árangursríkan hátt. Lýsingin á líka við um menningarlega samhengið sem málið lifir í. Nákvæmlega eru skilgreind færnistig sem meta má nemendur eftir á hverju stigi námsins. Samskiptamiðstöð vinnur að lýsingum fyrir íslenskt táknmál inn í evrópska tungumálarammann fyrir Íslands hönd. Sjá: <http://www.ecml.at/ECML-Programme/Programme2012-2015/ProSign/tabid/1752/Default.aspx>

Signteach 2014–2017

SignTeach er þriggja ára verkefni styrkt af Erasmus áætlun Evrópusambandsins. Markmið þess er að mynda sjóð sem geymir *upplýsingar* um t.d kennslufræði, skipulag í kennslustofunni, tengsl málhegðunar og menningar og upplýsingatækni, *verkfæri* s.s. eins og evrópska tungumálarammann fyrir táknmál og orðabók yfir helstu hugtök um kennslu og nám, *möguleika á kynnisferðum og námi* og *hugmyndir* fyrir táknmálskennara og þá sem vilja verða táknmálskennarar. Þátttökuþjóðir eru Ísland, Noregur, England, Þýskaland, Holland, Belgía, Ítalía og Tékkland. Allir hafa yfirgripsmikla reynslu af táknmálskenndu á öllum skólastigum frá grunnskóla upp í háskóla. Evrópusamband heyrnarlausra (EUD) tekur þátt í fundum hópsins og tryggir með því aðgang að félögum heyrnarlausra í löndunum og miðlun og innleiðingu í öllum löndum Evrópu. Sjá: <http://www.signteach.eu/>

SignerStudio 2014-2017

Signer Studio gerir mögulega vinnslu á táknmálstexta á sambærilegan hátt og unnið er með ritmál í ritvinnsluforriti. Verkefnið er unnið í samstarfi Semience, sem er í eigu Trausta Þórs Kristjánssonar höfundar Smiðs-Spilara, og SHH. Signer Studio byggir á hugbúnaði, sem Semience hefur þróað á sviði myndvinnslu og miðlun myndefnis á vef og sérfræðiþekkingu og reynslu SHH. Forritið klippir efnið samhliða upptöku og er í rauninni fullkomið myndver í smáforriti. Í því er upptökuvél, með lesvél (prompter) og klippiforrit þar sem hægt er að texta. Hægt er að miðla efninu sem gert er á margan hátt s.s. úr Facebook í Final Cut Pro. Auðvelt er að bæta við og laga með því að setja inn nýjan táknmálstexta, „umorða“ eina eða tvær setningar eða flytja texta á annan stað. Notkunarmöguleikar forritsins eru t.d. skýrslugerð, skólaverkefni, ritgerði, tímarit, próf, þýðingar og blogg. Sjá: <https://www.signerstudio.com>

Síðast endurskoðað í apríl 2017.